**Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu Sveitarfélagsins Hornafjarðar - frá 1. janúar 2015**
samkvæmt heimild í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
Notendur greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf, heimsendingu matar og akstur. Önnur þjónusta er gjaldfrí.

**Aðstoð við almenn heimilisstörf**
Gjald fyrir heimaþjónustu er **2100 krónur fyrir hvern unninn tíma**. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en tveggja tíma aðstoð við heimilisstörf vikulega. Þjónusta umfram það er gjaldfrí.

**Heimsendur matur**
Hver skammtur kostar **800 krónur** og tekur mið af gjaldskrá HSSA hverju sinni.

**Innheimta**
Reikningar fyrir ofangreinda þjónustu eru sendir notendum mánaðarlega, í upphafi næsta mánaðar eftir að þjónustan er innt af hendi.

**Fylgigögn með umsókn**
Til að hægt sé að sækja um afslátt af gjaldi fyrir heimaþjónustu þurfa eftirtalin gögn að fylgja með umsókn um heimaþjónustu, *launa- eða bótaseðlar þriggja undangenginna mánaða* og *afrit af nýjasta skattframtali hverju sinni*.

Árlega er kallað eftir endurnýjun umsókna um niðurfellingu gjalds og tekjuupplýsingum. Kjósi notendur af einhverjum ástæðum að skila ekki inn umsókn og tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald.

**Tekjumörk árið 2015**
Við ákvörðun tekjumarka fyrir árið 2015, er miðað við framfærsluviðmið TR í janúar 2015. Einstaklingar með tekjur undir 252.070,- krónum á mánuði og fólk sem heldur heimili saman, hvort með tekjur undir 193.962,- krónur á mánuði, eiga rétt á niðurfellingu vegna gjalds.

Þeir sem eingöngu hafa tekjur frá TR eiga rétt á niðurfellingu gjalds fyrir ofangreinda þætti félagslegrar heimaþjónustu jafnvel þótt tekjur þeirra frá TR séu hærri en ofangreind viðmið um tekjumörk. Notendur sem hafa tekjur allt að 33% umfram framfærsluviðmið TR, greiða þriðjung af fullu gjaldi. Notendur, hverra tekjur eru á bilinu 33% til 66% umfram framfærsluviðmið TR greiða tvo þriðjunga fulls gjalds. Loks greiða þeir sem hafa tekjur sem nema 66% umfram framfærsluviðmið TR fullt gjald skv. gjaldskrá.

| **Tekjumörk þeirra sem búa einir** | | **Gjaldflokkar** |
|---|---|---|
| Undir | 225.070 | 0 |
| Á bilinu | 225.070 – 326.343 | 700 |
| Á bilinu | 326.343 – 373.616 | 1400 |
| Yfir | 373.616 | 2100 |

| **Tekjumörk hjóna/sambýlisfólks** | | |
|---|---|---|
| Undir | 387.924 | 0 |
| Á bilinu | 387.924 – 515.938 | 700 |
| Á bilinu | 515.938 – 643.953 | 1400 |
| Yfir | 643.953 | 2100 |

*Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði, kt. 590169-4639, sími 470 8000, fax 470 8001, heimathjonusta@hornafjordur.is*

HEIMAÞJÓNUSTUDEILD HORNAFJARÐAR

**Málskot**
Heimilt er að skjóta ákvörðunum starfsmanna um þjónustuna og gjaldtöku til Félagsmálaráðs Hornafjarðar. Skal það gert skriflega og innan fjögurra vikna frá því notanda var kunnugt um ákvörðun starfsmanna.

Ákvörðun félagsmálaráðs má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert skriflega og innan þriggja mánaða frá því notanda var kunnugt um ákvörðun ráðsins.

Starfsmaður félagsmálaráðs skal leiðbeina umsækjendum um hvernig skuli skjóta ákvörðunum til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

*Samþykkt í félagsmálanefnd*

*Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði, kt. 590169-4639, sími 470 8000, fax 470 8001, heimathjonusta@hornafjordur.is*